


Faxaflóahafnir  
b.t. Gísla Gíslasonar hafnarstjóra  
Tryggvagötu 17  
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 18. desember 2015  
UST201502-082/S.I.  
08.07.01

### Ákvörðun Umhverfisstofnunar vegna útgáfu starfsleyfis fyrir Norðurál

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Norðuráls Grundartanga ehf. um starfsleyfi fyrir framleiðslu á áli í kerskálum álversins á Grundartanga. Rekstraraðila hefur nú verið veitt starfsleyfi til að framleiða allt að 350.000 tonnum á ári af áli, auk reksturs málmsteypu málmsteypu, ker- og skautsmiðju, flæðigryfju fyrir framleiðsluúrgang samkvæmt deiliskipulagi og geymslusvæða fyrir tímabundna geymslu framleiðsluúrgangs. Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli 8. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 16. desember 2031.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá ákvörðun Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Athygli er vakin á því að á næstu dögum verður afrit af starfsleyfinu ásamt greinargerð um auglýsingu og viðbrögð við þeim umsögnum sem bárust stofnuninni ásamt meðferð málsins birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar <http://www.umhverfisstofnun.is/>.

Virðingarfyllst,

Sigurður Ingason

